# **JVK og KÁ í Vestmannaeyjum 22. - 23. júní 1994**

Lending kl. 13.55 miðvikudaginn 22. júní, **bæjarstjóri** sækir á völlinn og lóðsar um bæinn, upplýsir um stöðu bæjarmála og sýnir framkvæmdir eftir smag og behag.
Í leiðinni munduð þið líta inn á skrifstofuna hjá **Sigurði** Einarssyni skv. tillögu Arnars Sigurmundssonar, sem ætlaði að tala við hann. Sigurður vill sem sagt gjarna hitta ykkur, en það hentar víst ekki á fimmtudag.

Gisting á **Hótel Bræðraborg**, 2 x 1 m. herbergi, Herjólfsgötu 4, s. 11515 eða 12577.
Hótelstjóri **Rafn** Pálsson Helgasonar. Best að snúa sér til hans með hugsanlegan fund með **Páli** Helgasyni eða til að kynna sér á e-n annan máta **ferðaþjónustu** í Eyjum.
Heimasími Páls Helgasonar er annars 13344, en hjá Ferðaþjónustunni hans 12922, og virðist hún vera líka á Herjólfsgötu 4. Þar er **Hrefna**, og við hana ræddi ég um að þið mættuð auglýsa að þið væruð til viðtals á **HB** á miðvikudagskvöld.
**Karl** Pálsson Helgasonar er með rútuna og **Páll** Pálsson Helgasonar stjórnar bátnum.

**Arnar** Sigurmundsson hittið þið kl. 9 á fimmtudagsmorgun á **Strandvegi 50, 3. hæð**. Hann fer með ykkur í Harðfiskgerðina **Gust** til **Þuríðar** Bernódusdóttur og í vinnslustöð þar rétt hjá, sem framleiðir saltfisk í sérstökum neytendaumbúðum.

Verkakvennafélagið **Snót**, Heiðarvegi 7, s. 12770, opið kl. 8 - 12 og 13 - 17.
Starfskonan heitir **Helga** og bauð ykkur velkomnar hvenær sem væri, en formaðurinn **Elsa** Valgeirsdóttir er við á morgnana.

Kertaverksmiðjan **Heimaey**, Faxastíg 46, s. 12905, opið til kl. 17 á daginn og í besta lagi að líta þar inn hvenær sem er. Verkstjórinn heitir **Sveinn** Pálmason, gamall skólabróðir Gunnlaugs Ástgeirssonar!

**Byggðasafnið**, s. 11194, opið kl. 14 - 17.

**Auglýsing**, lesin í hádegi og kaffitíma á miðvikudag:

> Vestmannaeyingar!
> Þingkonur Kvennalistans verða til viðtals á HB frá kl. 20.30 í kvöld.
> Kvennalistinn.